

Anton Kári Halldórsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur



Reykjavík 16. apríl 2015
UST201503-105/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi þjónustusvæðis að Básum í Þórsmörk, Rangárþingi eystra.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 12. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi þjónustusvæðis að Básum í Þórsmörk, Rangárþingi eystra. Svæðið nær yfir aðstöðu Útivistar, óbyggðs svæðis austur frá þeirri aðstöðu og austur að Strákagili. Deiliskipulagið tekur til um 38 ha svæðis.

Skipulagssvæðið – náttúruminjasvæði

Tillaga að deiliskipulagi tekur til um 38 ha svæðis sem nær yfir Bása í Þórsmörk. Þórsmörk er svæði nr. 714 á náttúruminjasrá og þar segir um svæðið: *Þórsmörk, Almenningar og afréttir sunnan Krossár vestur að Jökultungum. Fjölbreytt og fagurt landslag. Skóglendi í skjóli jökla, að hluta til í umsjá Skógræktar ríkisins. Vinsælt útivistarsvæði.*

Áætlaðar lóðir og byggingar

Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir 6 misstórum þjónustulóðum með byggingarreitum. Hámarksbyggingarmagn á lóð er 300 m². Lóð L-1 er 9,8 ha og þar eru áætlaðir 5 byggingarreitir, þar af byggingar nú þegar á 3. Lóðir L-2, L-3, L-4 og L-5 eru 0,26 – 0,29 ha að stærð. Að mati Umhverfisstofnunar ætti ekki að gera ráð fyrir byggingarreitum þar sem vex upprunalegur birkiskógur. Á lóð L-1 eru nú þegar byggingar, þannig að birkiskógur hefur þegar verið ruddur. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að skilgreina nýja byggingarreiti þannig að rask og ruðningur birkiskógar verði sem minnstur.


Frágangur lóða


Í greinargerð kemur fram að heimilt sé að planta í lóðamörk m.a. annars til að auka skjól og bæta útivist, og skuli plöntuval vera í samráði við Skógrækt ríkisins. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við gróðursetningu verði valdar íslenskar tegundir og að þess sé gætt að gróðursettar plöntur falli vel að þeim gróðri sem fyrir er.

Upprunalegur birkiskógur

Umhverfisstofnun bendir á að á svæði því er deiliskipulagstillagan nær til vex mikið af upprunalegum birkiskógi. Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að birkiskógi í Þórsmörk verði hlíft við raski og ruðningi eins og frekast er kostur. Eins og fram kemur hér að ofan er ein af ástæðunum fyrir því að Þórsmörk er á náttúruminjaskrá, skóglendi í skjóli jökla. Umhverfisstofnun bendir á að birkiskógar eru vistkerfi sem hafa verndargildi og hafa íslensk stjórnvöld markað þá stefnu að stuðlað skuli að verndun þeirra. Samkvæmt 3. mgr. 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar. Samkvæmt 4. mgr. sömu gr. skal ekki að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að þess sé gætt að starfsemi á tjaldsvæðum rýri ekki upprunalegan birkiskóg, og þess sé gætt að álag vegna starfseminnar verði ekki of mikið.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri